

VÖKTUN SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARFS OG SÓTTVARNARÁÐSTAFANIR VEGNA COVID-19

SAMANTEKT UM STÖRF VÖKTUNARTEYMIS

JANÚAR – FEBRÚAR 2022

Í byrjun árs 2022 breiddist COVID-19 hraðar um samfélagið en spáð hafði verið fyrir um og ljóst að áhrifa þess myndi gæta víða. Gert var ráð fyrir að það gæti m.a. leitt til þess að fjöldi barna, ungmenna og starfsfólks skóla þyrfti að fara í sóttkví eða einangrun á fyrstu vikum ársins, með fyrirsjáanlegum áhrifum á skóla- og frístundastarf barna og ungmenna, fjölskyldur og atvinnulíf. Talið var þýðingarmikið að leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskólar yrðu starfræktir með eins eðlilegum hætti og kostur væri og að frístunda-, íþróttar- og tómstundastarf væri í boði fyrir börn og ungmenni. Öryggi, heilsa og velferð nemenda og starfsmanna skiptir miklu máli og hefur skólasamfélagið, stjórnendur og starfsfólk skóla unnið þrekvirki undanfarin misseri með stuðningi sínum við nemendur og haldið uppi skólasterfi á krefjandi tímum.

Mennta- og barnamálaráðherra setti á fót vöktunarteymi um skóla- og frístundastarf og sóttvarnaráðstafanir en um er að ræða samvinnuverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga, heilbrigðisráðuneytis, Grunnis - félags fræðslustjóra og stjórnenda skólaskrifstofa, Kennarasambands Íslands, almannavarnadeildar höfuðborgarsvæðisins og Skólameistarafélags Íslands. Vöktunarteymið hefur það hlutverk að stuðla að markvissum viðbrögðum við áskorunum skólasterfs í heimsfaraldri, tryggja sem best velferð barna og ungmenna og standa vörð um lögbundinn rétt þeirra til menntunar. Hlutverk þess er einnig að finna leiðir að því að verja skólasterf gegn áhrifum heimsfaraldurs og tryggja nauðsynlegan og samræmdan stuðning við skóla- og frístundastarf á landsvísu.

Fyrsti fundur fór fram þann 3. janúar og fundaði vöktunarteymið daglega fyrstu vikur ársins. Í janúar voru alls haldnir 17. stöðufundir og tók ráðherra þátt í nær öllum þeirra. Ráðherra hefur einnig haldið reglulega samráðsfundi með víðari hópi helstu hagsmunaaðila skólamála til að fara yfir álitæfni sem kunna að vera uppi.

Sett var upp netfangið covid19@mrn.is til að taka við öllum erindum og fyrirspurnum um skólasterf og sóttvarnir og öllum erindum svarað eins hratt og kostur var í samráði við samstarfsaðila, mennta- og barnamálaráðherra og sóttvarnaryfirvöld. Alls bárust um 100 fyrirspurnir á netfangið á meðan skólasterf sætti takmörkunum í ársbyrjun 2022.

Vöktunarteymið gaf út vikulegar stöðuskýrslur þar sem dregin voru saman helstu álitamál og ábendingar hverju sinni og skýrslurnar birtar á upplýsingasíðu mennta- og barnamálaráðuneytisins um COVID-19 og skólasterf. Á upplýsingasíðunni voru birtar spurningar og svör um skólasterf og COVID-19, gildandi reglugerðir og hlekkir á gagnlegar upplýsingasíður um COVID-19.

Ráðherra mennta- og barnamála óskaði einnig reglulega eftir upplýsingum frá sendiskrifstofum Íslands um viðbrögð nágrannalanda í skólamálum vegna COVID-19 sem höfð voru til hliðsjónar á fundum vöktunarteymis.

Þrátt fyrir að ákvörðunartaka um sóttvarnaráðstafanir hafi haft það að markmiði að tryggja velferð, menntun og öryggi barna og ungmenna, kennara og annars starfsfólks sem kemur að lífi barna, er ljóst að áhrifin á börn hafa verið umfangsmikil og snert flesta þætti daglegs lífs þeirra. Nú verðabrátt liðin tvö ár frá því að neyðarástandi á heimsvísu vegna kórónuveirufaraldurs var lýst yfir og við blasir að skóla-, íþróttar- og frístundastarf hefur orðið fyrir talsverðum áhrifum á tímabilinu. Þó brugðist hafi verið við með ýmsum mótvægisáðgerðum; t.a.m. með almennum og sértækum stuðningi við íþróttar- og æskulýðsstarf barna og ungmenna, áðgerðum til stuðnings viðkvæmum hópum og áðgerðum gegn ofbeldi; er brýnt að vinna úr áhrifum faraldursins á íslenskt mennta- og velferðarkerfi til lengri tíma litið. Mikilvægt er að huga að börnum og ungmennum og starfsfólki skóla, sérstaklega að þörfum barna sem eru í viðkvæmri stöðu.

Takmörkunum á skólasterfi vegna COVID-19 var aflétt 12. febrúar 2022. Ráðgert er að vöktunarteymið sem starfað hefur óslitið frá áramótum verði áfram til staðar ef á þarf að halda en tekið verði upp samráð við breiðari hóp hagsmunaaðila á sviði mennta- og velferðarmála barna og ungmenna sem vinna mun að markvissum áðgerðum í þágu barna og ungmenna í kjölfar COVID-19 og uppbyggingu mennta- og velferðarkerfa til framtíðar.

Meðfylgjandi eru vikuskýrslur vöktunarteymis frá því það tók til starfa þann 3. janúar 2022.

VÖKTUN SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARFS OG SÓTTVARNARÁÐSTAFANIR VEGNA COVID-19

VIKUSKÝRSLA 1 : 3. – 7. JANÚAR 2022

Hlutverk vöktunarteymis um skóla- og frístundastarf og sóttvarnaráðstafanir vegna COVID-19 er að stuðla að markvissum viðbrögðum sem best, tryggja öryggi barna og ungmenna og starfsfólks í skólum og að nemendur fái notið lögbundinnar þjónustu menntakerfisins. Vöktunarteymið er samvinnuverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga, heilbrigðisráðuneytis, Grunns- félags fræðslustjóra og stjórnenda skólaskrifstofa, Kennarasambands Íslands, almannavarnadeildar höfuðborgarsvæðisins og Skólameistarafélags Íslands undir forystu ráðherra mennta- og barnamála.

- Vöktunarteymi skóla- og frístundastarfs og sóttvarnaráðstafanir vegna COVID-19 hefur tekið til starfa undir forystu mennta- og barnamálaráðherra.
- Haldnir hafa verið fjórir fundir vöktunarteymis en auk þess fundaði ráðherra með samráðshópi hagsmunaaðila í vikulok.
- Netfangið covid19@mrn.is hefur verið stofnað þar sem tekið er á móti fyrirspurnum og upplýsingum um álitæfni tengd sóttvörnum og skólastarfi.
- Alls bárust 11 fyrirspurnir í vikunni og hefur 10 þegar verið svarað.

Nýr vettvangur vöktunar og samráðs um skóla- og frístundastarf og sóttvarnaráðstafanir var settur á fót í árslok 2021 undir forystu mennta- og barnamálaráðherra í þeim tilgangi að verja skóla- og frístundastarf gegn heimsfaraldri, tryggja lögbundinn rétt barna og ungmenna til menntunar og gæta að velferð nemenda, kennara og annars starfsfólks í skóla- og frístundastarfi. Vöktunarteymið mun taka við fyrirspurnum og álitæfnum á nýstofnuðu netfangi covid19@mrn.is og miðla upplýsingum og svörum hratt og örugglega um framkvæmd skólastarfs til hagsmunaaðila. Fyrstu viku ársins voru haldnir fjórir fundir en ráðherra fundaði einnig með stærri samráðshópi helstu hagsmunaaðila, ásamt sóttvarnalækni og fulltrúum almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra í vikulok þar sem farið var yfir megin áskoranir og álitæfni sem fram hafa komið og sameiginlegar lausnir ræddar. Ráðuneytinu bárust alls 11 fyrirspurnir þessa viku og hefur 10 þegar verið svarað.

Helstu áskoranir og álitæfni sem fram komu í liðinni viku:

Bólusetningar 5-11 ára barna hófust í vikunni. Á höfuðborgarsvæðinu fara bólusetningar fram í Laugardalshöll en á landsbyggðinni er gert ráð fyrir að þær fari fram á heilsugæslustöðvum eða í skólabyggingum og getur skólahlald að einhverju leyti raskast meðan á þeim stendur. Bólusettingar verður eftir fæðingarmánuði barna til að gæta að persónuverndarsjónarmiðum og blöndun verður milli bekkja og árganga. Gefið hefur verið út upplýsinga- og fræðsluefni um bólusetningar barna á íslensku, ensku og pólsku. Starfsfólk skóla, aðrir en skólahjúkrunarfræðingar, kemur ekki að bólusetningum. Leitast verður við að bólusetja nemendur í viðkvæmri stöðu í skólum, á þetta einkum við um nemendur í Klettaskóla og Brúarskóla, auk nemenda í sérdeildum. Að loknu bólusetningarátaki sem nú stendur yfir verður áfram hægt að fara í bólusetningu á heilsugæslustöðvum. Hafa þarf hugfast að enn hefur hluti kennara ekki fengið örvunarbólusetningu.

Matsalir og mótuneyti falla ekki undir sameiginleg rými sbr. 6. gr. gildandi reglugerðar um takmörkun vegna farsóttar og því ekki unnt að víkja frá fjöldatakmörkunum. Unnið er að nýrri reglugerð sem tekur gildi í næstu viku.

Fulltrúar framhaldsskóla hafa óskað eftir öruggari grímum, en samkvæmt upplýsingum Landsspítala eru nú fáanlegir nýir veirumaskar sem reynst hafa vel en eru þeim annmörkum háðir að erfitt er að hafa þá í lengri tíma en einnig er unnt að hafa andlitshlífar til viðbótar grímum sem gefið hefur góða raun.

Smitrakningar hafa stórauðist undanfarið vegna aukinna smita í samfélaginu og hafa þær nú verið sameinaðar á einn stað í húsnæði almannavarnadeildar lögreglustjóra. Fyrirhugað er að styðja vel við skóla við smittrakningar en í dag sinna sex starfsmenn smitrakningu í skólum og áform um að þeim verði fjölgað. Reynsla haustsins með smitgát hefur ekki gengið eins og vonir stóðu til og margir nemendur verið lengi í sóttkví. Þegar smitgát var sett á var horft til þess að smit 3-4 nemenda innan bekkjar myndi leiða til þess að allur bekkurinn færi í sóttkví. Líkur eru á að ástandið verði erfitt næstu vikurnar eða jafnvel fram að páskum. Ráðuneytið er að setja á fót vinnuhóp, með aðkomu almannavarna og sóttvarnaryfirvalda, sem mun skoða smitrakningu sérstaklega og kanna hvernig einfalda megi vinnuferli við smittrakningu.

VÖKTUN SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARFS OG SÓTTVARNARÁÐSTAFANIR VEGNA COVID-19

VIKUSKÝRSLA 2: 10. – 14. JANÚAR 2022

Hlutverk vöktunarteymis um skóla- og frístundastarf og sóttvarnaráðstafanir vegna COVID-19 er að stuðla að markvissum viðbrögðum sem best, tryggja öryggi barna og ungmenna og starfsfólks í skólum og að nemendur fái notið lögbundinnar þjónustu menntakerfisins. Vöktunarteymið er samvinnuverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga, heilbrigðisráðuneytis, Grunn- - félags stjórnenda á skrifstofum fræðslumála í sveitarfélögum, Kennarasambands Íslands, almannavarnadeildar höfuðborgarsvæðisins og Skólameistarafélags Íslands undir forystu ráðherra mennta- og barnamála.

- Vikuna 10. – 14. janúar voru haldnir fjórir fundir vöktunarteymis en auk þess fundaði ráðherra með samráðshópi hagsmunaaðila í vikulok.
- Ráðuneytinu bárust 39 fyrirspurnir og 6 ábendingar á netfangið covid19@mrn.is, þar af voru 9 fyrirspurnir vegna leikskóla, 11 vegna grunnskóla, 18 vegna framhaldsskóla og 1 vegna íþrótta- og æskulýðsstarfs.
- Vel hefur gengið að bregðast við og svara.

Vöktunarteymi um skóla- og frístundastarf hefur fundað sem sama hætti í þessari viku og fyrstu viku ársins, fram fóru fjórir fundir vöktunarteymis en ráðherra fundaði einnig með samráðshópi helstu hagsmunaaðila í vikulok þar sem farið var yfir megin áskoranir og álitæfni og sameiginlegar lausnir ræddar. Alls hafa því farið fram 8 fundir vöktunarteymis og tveir fjölmennari samráðsfundir ráðherra það sem af er ári. Ráðuneytinu bárust alls 39 fyrirspurnir og 6 ábendingar á netfangið covid19@mrn.is þessa vikuna og hefur flestum þegar verið svarað.

Helstu áskoranir og álitæfni sem fram komu í liðinni viku:

Ný reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar var birt í upphafi vikunnar og mun hún gilda frá og með 13. janúar og til og með 2. febrúar 2022. Engar efnislegar breytingar voru gerðar frá fyrri reglugerð og því er enn í gildi ákvæði um 50 nemenda hámarksfjölda í mötuneytum á öllum skólastigum. Neyðarstigi Almannavarna vegna COVID-19 var jafnframt lýst yfir þann 11. janúar.

Verkefnisstjóri bólusetninga mætti á fund vöktunarteymisins í vikunni og greindi frá því að bólusetningar 5-11 ára barna hafi gengið vel. Fram komu upplýsingar frá Heilsugæslunni á Höfuðborgarsvæðinu í vikunni um að mæting hefði verið nær 90% þeirra barna sem boðuð voru í bólusetningu í Laugardalshöll. Jafnhliða bólusetningarátakinu hefur álag í PCR sýnatöku farið vaxandi sem rekja má til aukins fjölda barna í sóttkví og einangrun.

Vinnuhópur vöktunarteymis um smitrakningar hefur fundað sl. daga en hlutverk hans felst m.a. í því að kortleggja smitrakningu í skólum, finna leiðir til að gera hana einfaldari, markvissari og aðgengilegri fyrir stjórnendur í þeim tilgangi að draga úr álagi í skólakerfinu. Smitrakning í leik-, grunn- og framhaldsskólum hefur verið umfangsmikil í upphafi árs vegna aukinna fjölda smita og hafa stjórnendur, einkum á grunnskólastigi, lýst því yfir að rakning smita verði sífellt meira íþyngjandi í daglegum störfum þeirra. Umbótatækifæri felast m.a. í að efla stuðning við stjórnendur í smitrakningu, gera nauðsynlega skráningu aðgengilegri og bæta upplýsingamiðlun m.a. með spurt og svarað.

Þann 11. janúar sendi framkvæmdastjóri almannavarnarnefndar höfuðborgarsvæðisins bréf til stjórnenda leik, grunn- og framhaldsskóla þar sem kynnt var tímabundin breyting á vinnulagi við smitrakningu til að stytta afgreiðslu mála og upplýsa sem fyrst ef börn þurfa að fara í sóttkví.

Í vikunni var einnig rætt um mikilvægi þess að vakta stöðu nemenda í viðkvæmri stöðu og stuðning til handa kennurum og skólastjórnendum.

Unnið er að því að setja upp mælaborð um áhrif COVID-19 á skóla- og frístundastarf á landsvísu en vísbendingar eru um að félags- og námslegur vandi nemenda kunni að hafa aukist í faraldrinum. Gengið verður út frá því að gagnaöflun og reglubundin birting upplýsinga um skólastarf á tímum heimsfaraldurs undirbyggi upplýsta ákvarðanatöku út frá stöðu mála en jafnframt er talið gagnlegt að mælaborðið veiti yfirsýn yfir aðgerðir og framgang þeirra hverju sinni. Rík áhersla verður lögð á að gagnaöflun skapi ekki aukni álag á skólakerfið.

VÖKTUN SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARFS OG SÓTTVARNARÁÐSTAFANIR VEGNA COVID-19

VIKUSKÝRSLA 3: 17. – 21. JANÚAR 2022

Hlutverk vöktunarteymis um skóla- og frístundastarf og sóttvarnaráðstafanir vegna COVID-19 er að stuðla að markvissum viðbrögðum sem best, tryggja öryggi barna og ungmenna og starfsfólks í skólum og að nemendur fái notið lögbundinnar þjónustu menntakerfisins. Vöktunarteymið er samvinnuverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga, heilbrigðisráðuneytis, Grunns- félags stjórnenda á skrifstofum fræðslumála í sveitarfélögum, Kennarasambands Íslands, almannavarnadeildar höfuðborgarsvæðisins og Skólameistarafélags Íslands undir forystu ráðherra mennta- og barnamála.

- Vikuna 17. – 21. janúar voru haldnir fjórir fundir vöktunarteymis en auk þess fundaði ráðherra með samráðshópi hagsmunaaðila í vikulok.
- Ráðuneytinu bárust 9 fyrirspurnir eða ábendingar á netfangið covid19@mrn.is, þar af voru 4 fyrirspurnir vegna leikskóla, 3 vegna grunnskóla, 2 vegna framhaldsskóla.
- Umboðsmaður barna sendi mennta- og menningarmálaráðuneyti bréf þar sem reifaðar voru áhyggjur af menntun barna á tímum kórónuveirufaraldursins, sem umboðsmaður fylgdi eftir á fundi síðar í vikunni.

Vöktunarteymi um skóla- og frístundastarf hefur fundað sem sama hætti í þessari viku og fyrstu tvær vikur ársins, fram fóru fjórir fundir vöktunarteymis en ráðherra fundaði einnig með samráðshópi helstu hagsmunaaðila í vikulok þar sem farið var yfir megin áskoranir og álitæfni og sameiginlegar lausnir ræddar. Alls hafa því farið fram 12 fundir vöktunarteymis og tveir fjölmennari samráðsfundir ráðherra það sem af er ári. Ráðuneytinu bárust alls 9 fyrirspurnir á netfangið covid19@mrn.is þessa vikuna og hefur flestum þegar verið svarað.

Vaxandi fjöldi smita meðal barna

Vaxandi fjöldi smita meðal barna var áberandi í vikunni og fram komu margvísleg áhrif þess á skólastarf, meðal annars með tímabundinni lokun einstakra skóla og skertu skólastarfi. Mikilvægt er að fylgjast með áhrifum þess að stór hópur barna sem sætir sóttkví eða einangrun missi fjölda daga úr skólagöngu sinni og því álagi sem covid smit, forföll starfsfólks og smitakning hefur skapað skólastjórnendum og starfsfólki á vettvangi skóla- og frístundastarfs.

Mælaborð um áhrif COVID-19

Vinna við þróun mælaborðs um áhrif COVID-19 á skóla- og frístundastarf á landsvísu hefur gengið vel en markmiðið er að fá yfirsýn yfir fjölda barna og starfsfólks skóla í sóttkví/einangrun hverju sinni. Ráðuneytið kynnti mælaborðið fyrir fræðslustjórum og sveitarstjórum sem ekki hafa fræðslustjóra með það fyrir augum að afla gagna um forföll starfsfólks og áhrifum þeirra á skólastarf í einstökum sveitarfélögum. Fyrsta könnun var send til sveitarfélaga í gær.

Vinnuhópur um smitakningar

Sagt var frá umbótatillögum sem vinnuhópur um smitakningar í skólum hefur sett fram og athygli vakin á að ýmsum umbótum hafi nú þegar verið komið á. Umbótatillögur hópsins snúa að skilvirkari skráningu til að stytta smitakningu, árangursríku verklagi sem einstaka skólar hafa tekið upp sem miðlað verður áfram til annarra skóla, mikilvægi upplýsingamiðlunar, s.s. með spurt og svarað, auk þess sem leiðbeiningar um smitakningar verða uppfærðar.

Bréf umboðsmanns barna til mennta- og menningarmálaráðuneytis

Umboðsmaður barna sendi nýlega erindi til ráðuneytisins um ábendingar og fyrirspurnir um rétt þeirra barna sem sæta sóttkví eða einangrun og tilhögun náms í slíkum tilfellum. Í bréfinu kemur einnig fram að það sé mat umboðsmanns að nauðsynlegt sé að ráðuneytið veiti skólum leiðbeiningar um stuðning af þeirra hálfu þannig að réttur barna til menntunar verði sem best tryggður. Umboðsmaður fylgdi bréfinu eftir á fundi með vöktunarteymi í vikunni.

Breyting á reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, nr. 6/2022

Gerðar voru orðalagsbreytingar á reglugerðinni í kjölfar ábendinga sem höfðu borist um íþróttakennslu, nálægðartakmörkun og grímuskyldu í framhaldsskólum. Ekki verður grímuskylda í íþróttum í framhaldsskóla en ekki var talið nauðsynlegt að setja ákvæði um undanþágu frá grímuskyldu á starfsbraut þar sem ákvæði um slíkt er að finna í reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar. Í 4. gr. þeirrar reglugerðar segir að undanþegnir grímuskyldu skv. 3. mgr. eru þeir einstaklingar sem hafa ekki skilning eða þroska til að nota andlitsgrímu rétt eða geta það ekki af öðrum ástæðum, svo sem vegna heilsufars.

Breyttar kröfur um sýnatöku í smitgát

Kröfur um tvöfalda sýnatöku í smitgát voru felldar út úr reglugerð í vikunni og eru leiðbeiningar um smitakningu í uppfærslu hjá sóttvarnayfirvöldum.

VÖKTUN SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARFS OG SÓTTVARNARÁÐSTAFANIR VEGNA COVID-19

VIKUSKÝRSLA 4: 24. – 28. JANÚAR 2022

Hlutverk vöktunarteymis um skóla- og frístundastarf og sóttvarnaráðstafanir vegna COVID-19 er að stuðla að markvissum viðbrögðum sem best, tryggja öryggi barna og ungmenna og starfsfólks í skólum og að nemendur fái notið lögbundinnar þjónustu menntakerfisins. Vöktunarteymið er samvinnuverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga, heilbrigðisráðuneytis, Grunns- félags stjórnenda á skrifstofum fræðslumála í sveitarfélögum, Kennarasambands Íslands, almannavarnadeildar höfuðborgarsvæðisins og Skólameistarafélags Íslands undir forystu ráðherra mennta- og barnamála.

- Vikuna 24. – 28. janúar fóru fram fjórir fundir vöktunarteymis en auk þess fundaði ráðherra í upphafi og lok viku með samráðshópi hagsmunaaðila.
- Ráðuneytinu bárust 18 fyrirspurnir eða ábendingar á netfangið covid19@mrn.is, þar af voru 6 fyrirspurnir vegna leikskóla, 9 vegna grunnskóla, 1 vegna framhaldsskóla og ein almenn ábending um mikilvægi þess að gæta að vellíðan barna og ungmenna.

Vöktunarteymi um skóla- og frístundastarf hefur fundað sem sama hætti í þessari viku og fyrstu þrjár vikur ársins, fram fóru fjórir fundir vöktunarteymis en ráðherra fundaði einnig með samráðshópi helstu hagsmunaaðila í upphafi og lok vikunnar þar sem ræddar voru megin áskoranir og álitaefni og sameiginlegar lausnir fundnar. Alls hafa því farið fram 16 fundir vöktunarteymis og fjórir fjölmennari samráðsfundir ráðherra það sem af er ári. Ráðuneytinu bárust alls 18 fyrirspurnir og ábendingar á netfangið covid19@mrn.is þessa vikuna og hefur flestum þegar verið svarað.

Áframhaldandi fjölgun smita meðal barna

Fjöldi smita meðal barna fór áfram vaxandi í vikunni með þeim afleiðingum að í byrjun viku var stór hópur barna, kennara og starfsfólks skóla í sóttkví, einangrun eða smitgát, með tilheyrandi röskun á skólastarfi. Í ársbyrjun hafa áhrifin verið einna mest á höfuðborgarsvæðinu en undanfarið hefur nemendum og starfsfólki skóla sem eru í einangrun eða sóttkví fjölgað á Suðurlandi, Norðurlandi vestra og á Suðurnesjum.

Mælaborð um áhrif COVID-19

Megin markmiðið mælaborðs um áhrif COVID-19 á skóla- og frístundastarf felst m.a. í því að fá yfirsýn yfir fjölda barna og starfsfólks skóla sem er í sóttkví eða einangrun hverju sinni. Vinna við þróun mælaborðsins hefur gengið vel og er stefnt að því gagnaöflunin og reglubundin birting upplýsinga um skólastarf á tímum heimsfaraldurs veiti yfirsýn yfir aðgerðir og framgang þeirra hverju sinni og undirbyggi þannig upplýsta ákvarðanatöku út frá stöðu mála. Fyrsta könnunin var send út til sveitarfélaga í liðinni viku og bárust svör frá 28 sveitarfélögum.

Viðbrögð ráðuneytis við bréfi umboðsmanns barna

Í bréfi umboðsmanns barna sem barst ráðuneytinu þ. 17. janúar var kallað eftir því að ráðuneytið veitti skólum leiðbeiningar um stuðning í þeim tilgangi að réttur barna til menntunar yrði sem best tryggður. Ráðuneytið hefur brugðist við og sendi í vikunni skólastjórnendum leik- og grunnskóla og skólameisturum framhaldsskóla bréf þar sem hvatt er til þess að skólastarf verði eins hefðbundið og unnt er miðað við stöðu smita í samfélaginu hverju sinni og að huga bæri að námi nemenda og velferð þeirra, sérstaklega nemenda í viðkvæmri stöðu sem þurfa viðbótarstuðning.

VÖKTUN SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARFS OG SÓTTVARNARÁÐSTAFANIR VEGNA COVID-19

VIKUSKÝRSLA 5: 31. JANÚAR – 4. FEBRÚAR 2022

Hlutverk vöktunarteymis um skóla- og frístundastarf og sóttvarnaráðstafanir vegna COVID-19 er að stuðla að markvissum viðbrögðum sem best, tryggja öryggi barna og ungmenna og starfsfólks í skólum og að nemendur fái notið lögbundinnar þjónustu menntakerfisins. Vöktunarteymið er samvinnuverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga, heilbrigðisráðuneytis, Grunns- félags stjórnenda á skrifstofum fræðslumála í sveitarfélögum, Kennarasambands Íslands, almannavarnadeildar höfuðborgarsvæðisins og Skólameistarafélags Íslands undir forystu ráðherra mennta- og barnamála.

- Vikuna 31. janúar – 4. febrúar fóru fram 2 fundir vöktunarteymis.
- Ráðuneytinu bárust 6 fyrirspurnir eða ábendingar á netfangið covid19@mrn.is, 4 þeirra voru vegna framhaldsskóla og 2 vegna leiksskóla.

Haldnir voru tveir fundir vöktunarteymis um skóla- og frístundastarf í vikunni. Ráðuneytinu bárust færri fyrirspurnir netfangið covid19@mrn.is en undanfarnar vikur en alls voru þær 8 hefur flestum þegar verið svarað.

Breyttar reglur um sóttkví og smitgát og áhrif þeirra á skólastarf

Skólastarf tók mið af breyttum reglum um sóttkví og smitgát sem tóku gildi á miðnætti þ. 25. janúar. Megin breytingarnar fela í sér að smitrakning, eins og verið hefur í skólakerfinu, var felld niður og börn á leik- og grunnskólaaldri sem verða útsett fyrir smiti utan heimilis, t.d. í skóla-, íþrótta- eða frístundastarfi, þurfa hvorki að fara í sóttkví né smitgát. Framhaldsskólanemar og starfsfólk framhaldsskóla sem verður útsett fyrir smiti utan heimilis, t.d. í skólastarfi, fara hins vegar í smitgát. Almennt má gera ráð fyrir að breytingarnar geti haft í för með sér fjölgun smita í skólum með tímabundnum áhrifum á skólastarf og er brýnt að vakta þau áhrif vel. Lögð verði áhersla á að skipulagi skólastarfs verði hagað með þeim hætti að sem minnst röskun verði á.

Boðaðar afléttingar í skrefum

Ríkisstjórnin boðaði í liðinni viku afléttingar á opinberum sóttvarnaaðgerðum vegna COVID-19 sem teknar verða í skrefum næstu vikur og tók ný reglugerð um takmarkanir á samkomum vegna farsóttar gildi á miðnætti þ. 28. janúar sem gilda mun til og með 24. febrúar 2022. Til samræmis voru gerðar breytingar á reglugerð um takmörkun á skólastarfi sem fólu einkum í sér að fjöldatakmörkun í mötuneytum á öllum skólastigum féll úr gildi en hún var áður bundin við 50 manns. Jafnframt er heildarfjöldi einstaklinga sem fæddir eru 2005 eða fyrr og dvelja í sama rými nú miðaður við 50 manns og nálægðartakmörkun fór úr 2 í 1 metra og ef ekki er unnt að viðhafa 1 metra fjarlægð skal notast við grímur. Núgildandi reglugerð um takmörkun á skólastarfi tók einnig gildi á miðnætti þ. 28. janúar og gildir til og með 24. febrúar 2022.

Uppbygging til framtíðar

Umræða um næstu skref sem stigin verða út úr faraldrinum var fyrirferðarmikil í vöktunarteyminu þessa vikuna. Brátt eru liðin tvö ár frá því að neyðarástandi á heimsvísu vegna heimsfaraldurs var lýst yfir og ljóst er að skóla-, íþrótta- og frístundastarf barna og ungmenna hefur orðið fyrir miklum áhrifum. Þrátt fyrir að leiðarljósið í ákvörðunartöku um sóttvarnaráðstafanir hafi ávallt falist í því að tryggja velferð, menntun og öryggi barna og ungmenna, kennara og annars starfsfólks, er ljóst að áhrifin hafa snert flesta þætti daglegs lífs þeirra. Mikilvægt er að unnið verði markvisst úr áhrifum faraldursins á íslenskt mennta- og velferðarkerfi þar sem hugað verði sérstaklega að börnum og ungmennum og starfsfólki skóla. Meðal þeirra hugmynda sem fram komu voru að börnum og ungmennum verði veittur markviss stuðningur og sjónum verði sérstaklega beint að líðan allra í skólakerfinu og að stuðlað verði að auknum gæðum menntunar og starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Einnig er talið brýnt að bregðast við mögulegri aukningu ofbeldis og vanrækslu, félagslegri einangrun, skólaforðun og brotthvarfi úr námi og félags- og frístundastarfi.